

Stjórnarfundur í síma 11.júní 2020.

Mætt voru: Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Jón Bjarni Þorvarðarson og Heiðrún Ósk Eymundsdóttir.

Formaður setur fundinn og fyrsta mál var að greina stjórnarmönnum frá formannafundi BÍ sem fór fram 10.júní. Í grófum dráttum er staða BÍ þannig að vinna við hvernig að félagsaðild BÍ verður háttað er í gangi og raunar búin að vera það um alllangt skeið, eða frá því innheimtu búnaðargjalds var hætt. Niðurstaða af formannafundinum varðandi þetta var sú að stjórn mun vinna úr umræðum og tillögum sem fram fóru á fundinum og í framhaldinu senda á búgreinafélögin sínar tillögur og óska jafnframt eftir viðbrögðum við þeim. Stjórn BÍ mun síðan fylgja sínum tillögum eftir með fundarferð á haustdögum. Einnig var staða reksturs BÍ rædd en ljóst er að reksturinn er mjög þungur.

Formaður greindi fundarmönnum frá samtali sem hann átti við Sigríði Björnsdóttur varðandi þá umgjörð sem til stóð að setja kringum blóðhryssuhaldið. En fram kom hjá Sigríði að ákveðin vinna sem var í gangi við gerð reglugerðar sem átti að ramma inn það helsta í tengslum við blóðhryssuhaldið leiðir ekki af sér tillögu að reglugerð. Blóðhryssuhaldið er ekki lengur talin leyfisskyld starfssemi og því ekki bundin við lög og því ekki hægt að ramma starfið í reglugerð. Sigríður greindi formanni frá því að þess í stað verði haldið utanum starfið með starfsreglum sem eigi að ná utanum alla þætti. Ágæt umræða var hjá stjórn um þessi mál en öll stjórnin sammála því að skýr umgjörð þurfi að vera utan um þetta starf sem og ásýnd og meðferð á landi.

Formaður greindi stjórnarmönnum frá því hvernig undirbúningur að Landssýningu kynbótahrossa gengur en sýningin verður haldin á Rangárbökkum 27. Júní.

Farið var yfir kostnaðaráætlun og aðgangseyrir ákveðinn.

Streymið mun kosta 2.900 kr (19.EU) og aðgangseyrir inná svæðið 2.500 kr og frítt fyrir 16. ára og yngri.

Tekjur:

Áætlað streymi: $600 \times 2900 = 1.740.000$ kr

Gestir á staðnum $500 \times 2500 = 1.000.000$ kr

Auglýsingar í streymi ?

Styrktaraðilar ?

Áætlað alls: a.m.k 2.740.000 kr

Áætluð gjöld :

Uptaka,streymi og hljóð: 1.840.000 kr

Verðlaunagripir: Tilboð frá Karli Úrsmið 430.000 kr (þá á eftir bikara fyrir 1. verðlauna og heiðursverðlauna - áætla kannski helst 500.000 kr.).

Blóm fyrir efstu þrjú sæti (alla?) og 5 1. verðlauna og heiðursverðlauna: $(3500 \times 29) = 101.500$ kr

Vinna á svæði vegna undirbúnings: 450.000 kr

(Pallar fyrir myndavélar, fánaborgir, bílastæði, merkingar, skreytingar og fl.)

Fæði fyrir starfsfólk: (Gróft áætlað 25 manns - 137.500 kr)

Þá var einnig tekin umræða um það starf sem er í gangi varðandi upptökur á kynbótasýningum. Samkvæmt samningi Eiðfaxes og RML verða allar sýningar vorsins, fram að Landssýningu kynbótahrossa, teknar upp og yfirlitum sýninganna streymt endurgjaldslaust. Vonir standa síðan til þess að myndskreið af þeim hrossum sem hefðu náð inn á Landsmót sumarsins, hefði það verið haldið, verði keypt af Landsmóti ehf og vistuð í myndabanka WF. Allir sammála því að gott og verðmætt skref sé þarna stigið og reynslan sem útúr þessu fæst mjög verðmæt gagnvart þeirri hugmynd sem stjórn FHB hefur unnið að og snýst um að öll hross sem til dóms koma verði tekin upp og myndskreiðið verði hluti af dómaupplýsingum. Stjórnarmenn sammála um að frábært framtak sé að ræða hjá Eiðfaxes.

Eins og áður hefur verið rætt í stjórn félagsins þá stendur til að senda þakkarbréf til þeirra sem lögðu hönd á plóg sambandi við öflun hrossa í sumarexemið og verður það gert fljótlega.

Fleira ekki gert.